

Krónan ehf.  
Dalvegi 10-14  
201 Kópavogi

Reykjavík 17. september 2021  
UST202108-108/F.K.  
07.10.02

### Niðurstaða Eftirlits - Snyrtivörur - Áburður á bleyjusvæði – Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun barst ábending um að snyrtivara sem boðin væru til sölu í Krónunni, uppfyllir ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 varðandi merkingar.

Um er að ræða eftirfarandi vöru sem Krónan ehf. er ábyrg fyrir markaðssetningu á:

Vara	Strikamerki
Lucky - Diaper Rash & Skin Protectant Ointment	808829103700

Farið var í eftirlit í verslun Krónunnar í Vallakór 4 og skoðun á vörunni leiddi í ljós að umrædd vara uppfyllir ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur varðandi merkingar á umbúðum.

Um kröfur til merkinga og frávik frá þeim sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til eftirlitsskýrslu sem er send til eftirlitsaðila með rafrænum hætti.

Umhverfisstofnun veitir Krónunni ehf. frest til 1. október 2021 til þess að senda stofnuninni afrit af uppfærðum merkimiða þar sem fram koma upplýsingar um nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila ellegar mynd af vörunni merktri með límmiða með upplýsingum um nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila, sbr. reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur.

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST202108-108 á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á sölustöðum verði endurmerktar með rétttri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitir Krónunni ehf. hér með frest til 24. sept nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13.gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 24. september nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 24. september 2021.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar<sup>1</sup>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um skyldubundnar merkingar í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið [fifa.konradsdottir@ust.is](mailto:fifa.konradsdottir@ust.is).

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir  
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson  
teymisstjóri

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>